

Aganefnd

Landsambands hestamannafélag

Skýrsla Aganefndar 2015

Starfsemi aganefndar var með hefðbundnum hætti á árinu 2015. Tvö mál komu til kasta nefndarinnar og eru niðurstður þeirra meðfylgjandi. Engir hefðbundir fundir voru haldnir á árinu heldur eingöngu fundað efir þörfum svo og með síma og tölvusamskiptum.

Eftirfaldir aðilar voru í Aganefnd árið 2015.

| | |
|----------------------|--------------|
| Þorvaldur Sigurðsson | Formaður |
| Atli Már Ingólfsson | Nefndarmaður |
| Sæþór Fannberg | Nefndarmaður |
| Birna Baldursdóttir | Varamaður |
| Kristín Þórðardóttir | Varamaður |
| Þórarinn Þórarinsson | Varamaður |

Virðingarfyllst,
Þorvaldur Sigurðsson



Reykjavík 4. Júní 2015

Kt. 120466-5269
Guðröður Ágústsson
Steinahlíð 9
600 Akureyri

Aganefnd LH

Mál nr. 1/2015:

Samkvæmt yfirdómnefnd Vormóts Léttis, IS2015LET075 kemur fram að Guðröður Ágústsson(GÁ), kt. 120466-5269 mætti ekki í úrslit í fimmgangi á umræddu móti. Yfirdómnefnd gaf honum rauðt spjald fyrir vikið og færði málsatvik inn á mótaskýrslu mótsins.

Forsendur aganefndar:

Aganefnd hefur farið yfir erindi og skýringar GÁ sem bárust nefndinni og mótaskýrslu mótsins sem og önnur gögn sem liggja fyrir. Erindi GÁ getur ekki miðað við málavexti haft áhrif á niðurstöðu málsins.

Samkvæmt grein 8.4.8 í Lögum og reglugerðum LH 2013, segir:

Afskráningar úr úrslitum skulu berast amk klukkustund fyrir upphaf greinar í viðkomandi flokki, nema um augljós forföll vegna helti eða annarra óhappa sé að ræða.

Einnig greinar 2.7.4.3 og 2.7.4.4 í heild sinni.

Úrskurður aganefndar:

Aganefnd LH úrskurðar Guðröð Ágústsson, kt. 120466-52609, í eins mánaðar keppnisbann frá og með 30.5.2015.

Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður
Atli Már Ingólfsson, hdl.
Sæþór Fannberg



Úrskurður Aganefndar LH

Mál nr. 2/2015:

Mánudaginn 7. September 2015 kom Aganefnd LH saman til að fjalla um mál nr. 2/2015 sem er kæra Sigurðar Markússonar, Tinnu Rutar Jónsdóttur, Antons Huga Kjartanssonar, Súsönnu Katarínar Guðmundsdóttur, Hrafnhildar Jónsdóttur, Hörpu Sigríðar Bjarnadóttur og Valdísar Bjarkar Guðmundsdóttur sem öll voru keppendur í A flokki áhugamanna á mótinu. Kært er vegna atviks sem átti sér stað á Gæðingaveislum Sörla og Mána sem fram fór dagana 27. – 28. ágúst 2015. Aganefnd kallaði kærarendur á fund nefndarinnar og var rætt við alla kærarendur nema two, annar þeirra sinnti ekki boðun um að mæta en hinn varð frá að hverfa sökum anna. Einnig ræddi nefndin við mótsstjórn, Davíð Jónsson, yfirdómara, Snorra Dal, vallarstjóra og Sigurð Ævarsson, mótsstjóra. Ennfremur voru eftirfarandi starfsmenn mótsins kallaðir fyrir nefndina, Katla Gísladóttir, Thelma Dögg (rætt við hana í síma) og Bjarni Stefánsson. Þá var rætt símleiðis við Inga Guðmundsson einn keppanda í forkeppni, sem ekki stendur að kærunni. Að lokum var rætt við Hafdísi Örnu Sigurðardóttur sem stóð uppi sem sigurvegari að loknum úrslitum áhugamanna í A flokki gæðinga.

Málsatvik

Kæra máls þessa barst mótshöldurum þann 30.08.2015. Kærufrestur samkvæmt grein 2.8.7 eru 48. klukkustundir frá því móti lauk og barst kæran því innan tímamarka.

Í kæru eru tildróg kærunnar sögð eftirfarandi.

„HAS dró Rimmu frá Miðhjáleigu, sem var sjötti hestur inn í úrslit úr keppni. Níundi hestur í forkeppni, Tinna frá Tungu og Sigurður Markússon hefðu þá átt að vera næsti hestur inn í úrslit. Af einhverjum ástæðum var Sigurður ekki boðaður í úrslit eins og lög og reglur LH gera ráð fyrir. Sigurður talaði við KG, starfsmann í dómpalli fljótlega eftir hádegið á laugardeginum og bað um að láta sig vita í tíma ef einhver myndi draga sig úr úrslitum, sem hún sagðist myndi gera. Sigurður var starfsmaður á mótinu þannig að það hefði aldrei verið neitt vandamál að láta hann vita í tíma. Einnig gerum við alvarlegar athugasemdir við það að hestur sem kemur 11. úr forkeppni skuli hefja úrslit sem sjötti hestur en ekki áttundi eins og hefði átt að vera. Við mælumst eindregið til þess að tekið verði á þessu máli.“

Í mótaskýrslu frá mótinu er tekið fram að ein kæra hafi borist og hafi henni verið vísað frá vegna tímamarka. Að öllum líkindum er þar átt við að viðkomandi kæra hafi borist eftir að sá hálftími sem getið er um í grein 2.7.3 eða grein 2.8.9. var liðin. En það er sá tími sem hægt er að bera fram kæru á niðurstöðu móts til breytingar á þeim, þannig að unnt sé að bregðast við strax á viðkomandi móti (innsk. Aganefnd LH). Í mótaskýrslu kemur ennfremur fram að framkvæmdanefnd mótsins harmi þau mistök sem áttu sér stað í úrslitum A flokks áhugamanna. Er tekið fram að starfsmenn í dómpalli og yfirdómari hafi ekki haft vitneskju um að c.a. 10 mín fyrir úrslit í A flokki áhugamanna hafi mótsstjóri

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949



SÆ komið í dómpall og tilkynnt um breytingu á hesti HAS í úrslitum, hún muni mæta með Sólon í úrslit í stað Rimmu, ellefti hestur í stað sjötta hests inn í úrslit. Kemur fram að þar sem fyrirvari hafi verið stuttur hafi yfirdómari samþykkt að HAS kæmi inn í 6. sæti, í því sæti sem hún hafði áunnið sér á Rimmu. Þetta hafi verið gert vegna þess að annars hafi þurft að seinka mótinu vegna tölvumála. Að lokum er tekið fram í mótaskýrslu að HAS hafi sigrað A flokk áhugamanna á Sólon. Engar afskráningar hafi borist frá knöpum í 9. – 10. sæti. Hafi mótsstjóri SÆ fundað með framkvæmdanefnd mótsins mánudaginn 31. ágúst og hafi þar tilnefnt Bjarna Stefánsson sem mótsstjóra vegna hagsmunatengsla.

Eftir skoðun Aganefndar á málsatvikum telur nefndin að eftirfarandi liggji fyrir. Eftir að niðurstöður úr forkeppni í A flokki áhugamanna lágu fyrir hefur mótsstjóri SÆ samband við SM, einn kærenda, á laugardagsmorguninn og sprýr hann hvort hann vilji draga sinn hest úr keppni, sem hafnaði í 9. sæti, og var því ekki inni í úrslitum að óbreyttu, ef HAS dragi Rimmu sem hafnaði í 6. sæti úr keppni. Er ljóst að það sem fyrir SÆ vakti var að HAS gæti komið hestinum Sólon inn í keppnina í stað Rimmu, það væri ekki hægt nema fyrir lægi að eigendur hesta í 9. eða 10 sæti myndu báðir ekki nýta sér rétt sinn til að mæta í úrslit ef Rimma væri dregin úr keppni. Að sögn SM sem átti hest í 9. sæti samþykkti hann ekki að draga sinn hest úr keppni ef Rimma væri dregin út. Í framburði SÆ hjá Aganefnd kom hins vegar fram að hann hafi í tvígang talað við SM til að hafa alveg skýrt hjá honum hvort hann skildi það sem farið var fram á og hafi það verið skilningur SÆ að SM ætlaði ekki að mæta með hest sinn í úrslitin þó Rimma væri dregin úr keppni. Um þetta atriði liggur ekkert fyrir um hvor fer með rétt mál.

Fram hefur komið í málinu hjá SM að hann hafði samband við starfsmann mótsins og bað um að hann yrði láttinn vita ef einhver þeirra sem komst í úrslit afskráði sig. Hefur þetta verið staðfest af viðkomandi starfsmanni mótsins. Hefur og komið fram að SM var ekki boðið að ríða úrslitin.

Af hálfu SÆ, var greint frá því að hann hefði haft samband við keppanda í 10. sæti IG þegar ljóst var hvaða hestar stæðu ofar en hestur HAS. Hafi hann haft samband við hann á laugardagskvöldið og hafi IG sagt að hann ætlaði ekki með viðkomandi hest í úrslit þó hann væri inni sökum þess að hann hefði ekki tíma. Fram kom hjá IG hjá nefndinni að SÆ hefði hringt í sig og spurt hvort honum væri sama þó SAH myndi skipta um hest. Hafi hann sagt að hann myndi ekki keppa í úrslitum, hefði hann hins vegar viljað fá annan knapa á hestinn, en eftir samtalið skilst að það væri bannað í áhugamannaflokki. Staðfesti IG að hann hefði ekki verið beðinn um að ríða úrslitin.

Eins og rakið var í móttskýrslu berst breyting á skráningu hests HAS í dómpall ca 10 mínútum fyrir úrslit. Þá þegar voru knapar farnir að hita upp hesta sína. Svo virðist sem mótsstjóri SÆ hafi upplýst starfsmann mótsins TH um breytinguna einhverju fyrr, en TH mætti síðan í dómpall með miða þar sem fram kom að HAS mætti ekki með Rimmu sem var 6. inn í úrslit heldur Sólon sem var 11. Eftir að hafa rætt við starfsmenn mótsins virðist vera að umrædd breyting hafi ekki borist dómpalli klukkustund fyrir upphaf úrslita þó erfitt sé að segja til um það hvort hún hafi komið 10 mínútum fyrir eða 30 mínútum fyrr. Svo virðist hins vegar vera að fullyrðing SÆ um að það hafi verið mörgum tímum fyrr, geti ekki staðist. Vitneskja um breytinguna hið minnsta ekki hjá starfsfólki í dómpalli fyrr en með móttöku á viðkomandi orðsendingu í dómpall.

Komið hefur fram við meðferð málsins að það var ákvörðun mótsstjórnar sem samþykkt var af hálfu yfirdómara og fylgt eftir af starfsmanni í fótaskoðun sem sá um úthlutun númera keppenda, að HAS var gert að ríða inn í úrslit eins og hún hefði komið inn í 6. sæti en ekki 8. sæti eins og lög og reglur LH

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949



segja til um þegar hestar færast inn í úrslit eftir röð árangurs í forkeppni. Samkvæmt því sem HAS greindi frá fyrir nefndinni óskaði hún sjálf eftir að fá rétt númer og tjáði viðkomandi starfsmanni að hún ætti að vera nr. 8 en ekki 6. Var henni hins vegar gert að ríða inn í 6. sæti, þrátt fyrir ábendingar sínar um annað. Hefur þessi framgangsmáti verið staðfestur af starfsmönnum mótsins.

Eftir að úrslit hafa verið kynnt er ljóst að Sólon og HAS vinna A flokk áhugamanna. Kemur kæra málsins fram að sögn kærenda eftir að þeim verður ljóst hvernig staðið hafi verið að því að koma því í kring að Sólon kæmist inn úr 11. sæti en ekki hestar í 9. eða 10 sæti.

Forsendur og niðurstaða:

Aganefnd LH hefur farið ítarlega yfir mál þetta. Rætt var við alla aðila málsins og þeim gefið færi á að koma að sjónarmiðum sínum. Ennfremur leitaði nefndin eftir upplýsingum og sjónarmiðum starfsmanna viðkomandi móts.

Starfsmenn móta, einkum og sér í lagi mótsstjórn ber í störfum sínum að hafa hliðsjón af ákvæði 2.3.3. í lögum og reglum um keppni á vegum LH. Starfsmenn móta hafa mikið vald og um leið bera þeir mikla ábyrgð. Ber starfsmönnum móta að gæta fyllsta hlutleysis og vera á verði gangvart hlutdrægni. Í 2. Gr. Reglugerðar Aganefndar segir að nefndin fjalli um brot keppenda og starfsmanna á hestamótum og í tengslum við þau sem LH er aðili að. Aganefnd er jafnframt heimilt að veita starfsmönnum móta áminningu.

Í siðareglum LH kafli 2.3 segir svo:

Hestaíþróttir eins og aðrar íþróttagreinar treysta mjög á trúverðugleika sinn, viðurkenningu almennings og afkomu yfirhöfuð varðandi viðurkenningu þeirra á íþróttamannslegri hegðun. Á bakvið þessa ímynd liggur sú hugmynd að besti keppandinn eða liðið skuli vinna á réttlátan hátt, eftir að hafa keppt á jafnréttisgrundvelli við sömu aðstæður og eftir reglum sem eru réttlátar, raunhæfar og settar af óaðfinnanlegri hæfni og réttsýni. Engin úrslit hafa nokkra þýðingu né gildi ef þeim er ekki náð á jafnréttisgrundvelli.

Þekktir keppendur verða að átta sig á hversu mikil áhrif þeirra fordæmi getur haft og viðurkenna ábyrgð sína sem fyrirmyn dir. Hið sama á við um þekkta og virta starfsmenn móta eða aðila sem standa í forystu fyrir hreyfingu hestamanna.

Miðað við stöðu SÆ innan LH, t.d. sem fyrrv. stjórnarmanns og formanns keppnisnefndar LH og sem eins reynslumesta mótsstjóra landsins m.a. sem mótsstjóra á þremur landsmótum, verður að gera þá kröfu til hans að verk hans sem mótsstjóra séu óaðfinnanleg og til fyrirmyn dar.

EKKI hefur verið sýnt fram á, sbr.grein 8.4.8 að rétt hafi verið staðið að afskráningu Rimmu. Einnig hefur ekki verið sýnt fram á að einn kærenda, SM hafi lýst því yfir að hann hafi ekki ætlað að mæta með sinn hest í úrslit færi svo að HAS drægi hest sinn í 6. sæti úr keppni. Bendir í raun allt til þess að SM hafi verið reiðubúinn að ríða úrslit kæmi til afskráningar.



Stöðu sinnar vegna og vegna tengsla við keppanda í úrslitum, sem er dóttir hans gat SÆ ekki tekið þátt í því að hringja í aðra keppendur eða beita sér fyrir því með nokkrum hætti hvernig keppni í viðkomandi flokki færí fram, umfram hefðbundið hlutverk SÆ sem mótsstjóra. Aðkoma hans að málínu var til þess fallin að draga hlutdrægni hans í efa sem starfsmanns mótsins og mótsstjóra þess og draga úr virðingu fyrir mótinu.

Að mati Aganefndar var ekki farið eftir ákvæði í grein 8.4.8 þegar tilkynning HAS barst í dómpall. Um það vitnar undirrituð og staðfest skýrla mótsstjórnar. Þar sem afskráningin og skipti á hesti HAS kom svo seint fram sem raun bar vitni, höfðu aðrir knapar ekki formlega séð tök á því að taka ákvörðun um það hvort þeir hyggðust þiggja sæti í úrslitum. Ljóst er að stundum geta knapar reynt að kanna fyrirfram hug annarra keppenda í þessum efnum en atvik þessa máls leiða í ljós að fara ber varlega í slíkum málum og rétt er að afla skriflegra yfirlýsinga frá keppendum um það hver afstaða þeirra er eða að starfsmenn mótsins fái slíkt staðfest með sannanlegum hætti.

Að mati Aganefndar LH var aðkoma SÆ sem mótsstjóra viðkomandi móts og samskipti hans við aðra knapa og erindisrekstur, sem augljóslega var í þágu eins keppanda sem tengdist SÆ fjölskylduböndum ekki við hæfi. Ber því að áminna SÆ fyrir þátt hans í málínu.

Samkvæmt grein 7.6.1 kemur fram að ef hestur forfallast eða er dreginn úr úrslitum öðlast fyrsti varahestur úr forkeppni þátttokurétt.

Úrskurðarorð

Sigurður Ævarsson hlítur áminningu vegna háttsemi sinnar á Gæðingaveislú Sörla og Mána. Telst háttsemi hans ekki samræmast því starfi sem hann hafði með höndum á mótinu sem mótsstjóri.

Árangur Hafdísar Örnu Sigurðardóttur á mótinu skal felldur úr gildi og röð keppenda breytast sem því nemur.

Úrskurð þennan skal birta hlutaðeigandi aðilum áður en hann má birta á vef LH.

Ákvörðun Aganefndar LH má kæra til dómstóls ÍSÍ.

Aganefnd LH

Þorvaldur Sigurðsson, formaður

Atli Már Ingólfsson, hdl.

Sæþór Fannberg

Sigurður Ævarsson.
Háukinn 4,
220 Hafnarfirði.

Reykjavík, 27. september 2015

Efni: Úrskurður Aganefndar LH frá 7. september 2015.

Til LEX hefur leitað Sigurður Ævarsson í tilefni úrskurðar Aganefndar Landssambands Hestamannafélaga (LH) frá 7. september sl. (máli nr. 2/2015). Niðurstaða aganefndarinnar var sú að áminna Sigurð vegna atviks í Gæðingaveislu Sörla og Mána sem fram fór 27. til 28. ágúst sl. Óskar Sigurður eftir því að undirritaður skoði hvort úrskurðurinn fái staðist í ljósi þeirra formreglna sem gilda um kærur til aganefndar.

Málsatvik eru rakin í umræddum úrskurði frá 7. september sl. Áréttar er að hér verður ekki lagt mat á það hvort afskipti Sigurðar að málum í umrætt sinn hafi verið heppileg. Sérstaka athygli vekur að niðurstaða aganefndar er reist á því að störf Sigurðar hafi átt að vera „óáðfinnanleg“ vegna þess að hann hafi um árabil gegnt tilteknun trúnaðarstörfum fyrir LH. Verður ekki betur séð en að aganefndin beiti strangara mati gagnvart Sigurði en verið hefði ef annar einstaklingur ætti hlut að máli. Jafnframt er ljóst að í úrskurðinum er Sigurður láttinn bera sönnunarbyrði fyrir því að tiltekin samskipti hafi átt sér stað í kjölfar þess að hesturinn Rimma var dreginn úr keppni.

Samkvæmt framansögðu verður hér aðeins tekið til skoðunar hvort úrskurður aganefndar frá 7. september sl. geti samrýmst lögum LH og fyrri niðurstöðum aganefndar er varðar formreglur um kærur. Í grein 2.8.7 í lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH 2015-1 segir:

2.8.7 Verkefni yfirdómnefndar

Yfirdómnefnd ábyrgist að mótfari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum, og visar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok.

Samkvæmt þessu hefur yfirmótsnefnd 48 klst. til að kæra mál til Aganefndar LH. Í kafla 2.8.9. er fjallað um kærur sem þátttakendur, starfsmenn og dómarar geta borið fram vegna móta. Í umræddri grein segir:

Kærur geta einungis þátttakendur, starfsmenn og dómarar borið fram, en þó ekki síðar en hálfíma eftir mótslok. Kærum skal beina til yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd úrskurðar um meðferð kæra strax og þær koma fram. Taki hún kærur til greina, skal kalla hlutaðeigandi aðila fyrir og heyra málsbætur. Yfirdómnefnd kveður strax upp úrskurð sinn í samræmi við 2.6.4.3 og 2.7.9.3. grein agalaga LH. Kærur þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálfíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt....

Samkvæmt þessu hafa þátttakendur, starfsmenn og dómarar 30 mín. frest til að leggja fram kærur vegna móta.

Gæðingaveislu Sörla og Mána, lauk laugardaginn 29. ágúst sl., kl. 21.00. Kæra barst hins vegar ekki yfirmótsnefnd fyrr en sunnudagskvöldið 30. ágúst. Var þá hálfíma frestur til að leggja fram kæru löngu liðinn. Á þessum grundvelli mun yfirdómnefnd hafa vísað frá kæru vegna málsins.

Skýrsla yfirdómnefndar mun hafa borist LH um hádegi 2. september. Var þá óumdeilanlega liðinn sá frestur sem yfirdómnefnd hafði til að beina málum til aganefndar, sbr. grein 2.8.7. í lögum LH. Eins og áður er rakið þá var þá líka liðinn sá frestur sem þáttakendur, starfsmenn og dómrarar hafa til að kæra móti, sbr. grein 2.8.9 í lögum LH.

Að mati undirritaðs blasir við að Aganefnd LH hefði átt að vísa frá kæru í máli nr. 2/2015, Virðist ljóst að niðurstaða aganefndar er í andstöðu við lög LH. Þá er niðurstaðan í ósamræmi við fyrri niðurstöður aganefndar um kærufresti og tilhögun á kærum. Í þessum sambandi má t.d. vísa til niðurstöðu aganefnar í málum 3/2005, 4/2011 og 1/2013.

Mál nr. 3/2005.

Málsatvik voru þau að knappi mætti ekki til keppni á Opna Norðalandamótinu. Skýrslu yfirdómnefndar var vísað til Aganefndar LH. Í niðurstöðu aganefndar sagði:

Niðurstaða Aganefndar LH er að samkvæmt skýrslu yfirdómnefndar hefur yfirdómnefnd ekki úrskurðað í málínu t.d. með rauðu eða gulu spjaldi og því vísar Aganefnd málínu frá.

Af framangreindum úrskurði má sjá að aganefnd tekur ekki fyrir kærur nema yfirdómnefnd hafi áður úrskurðað í viðkomandi máli. Þessari reglu var ekki fylgt í máli Sigurðar Ævarssonar frá 7. september sl.

Mál nr. 4/2011

Í málínu var tekist á um háttsemi dómara á Íslandsmóti fullorðna daganna 14-16. júní 2011. Yfirdómari tilkynnti aganefnd um málið hinn 19. júlí sama ár. Í niðurstöðu aganefnar var fjallað um tímafresti en í niðurstöðu hennar sagði m.a.:

Í 2. kafla laga og reglna LH, n.t.t. gr. 2.8.7 “Verkefni yfirdómnefndar” kemur fram að yfirdómnefnd skuli senda inn kærur til aganefndar LH eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok. Í máli þessu er óumdeilt að Íslandsmóti fullorðinna lauk laugardaginn 16. júlí 2011, en kæra máls þessa barst með tölvupósti til formanns aganefndar LH ekki fyrr en 19. júlí 2011, kl: 16:44. Samkvæmt framangreindu barst kæra vegna starfa umrædds dómara aganefnd eftir að kærufresti lauk. Verður máli þessu því vísað frá nefndinni án efnislegrar niðurstöðu.

Framangreind niðurstaða staðfestir að 48 tíma fresturinn í grein 2.8.7 á við þann tíma sem yfirdómnefnd hefur til að senda inn kærur til aganefndar. Umrædd grein á ekki við þáttakendur, starfsmenn og dómarar. Niðurstaðan í máli Sigurðar Ævarssonar frá 7. september sl. er þannig í óútskýrðu ósamræmi við úrskurðinn í máli nr. 4/2011.

Mál nr. 1/2013

Í málínu var tekist á um atvik á Gæðingarmóti Glaðs sem haldið var í Búðardal helgina 15-16. júní 2013. Kært var til aganefndar að tiltekin hestur á mótinu hefði ekki verið í eigu félagsmanns í Hestamannafélaginu Glað og ætti hann því ekki keppnisrétt. Málinu var vísað frá aganefnd með vísan til reglna um fresti. Nánar tiltekið sagði í niðurstöðu aganefndar:

Samkvæmt grein 2.7.3 í Lög og reglugerðum LH 2013-1 segir:

Kæru þarf að leggja fram skriflega til framkvæmdanefndar í síðasta lagi hálfíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið

í erlendri mynt Aganefnd LH benda á að ef kæra hefði borist innan tímaramma hefði mótsstjórn átt að úrskurða um hana á vettvangi.

[...]

Ákvörðun yfirdómnefndar frá gæðingamóti Glaðs sem haldið var 15-16. júní s.l. er að vísa málinu frá samkvæmt grein 2.7.3. Ekki er hægt að óska eftir álti Aganefndar um einstök málSATVÍK. Aganefnd tekur fyrir ákvarðanir mótsstjórnar sem kærðar hafa verið til Aganefndar.

Í framangreindu máli barst yfirdómsnefnd kæra eftir að tímafrestir samkvæmt grein 2.7.3 (nú grein 2.8.9.) voru liðnir. Af því leiddi að aganefnd taldi sig ekki getað fjallað um málið. Ekki hefur verið skýrt afhverju aganefnd telur að sama eigi ekki við í máli Sigurðar Ævarssonar frá 7. september sl.

Af framansögðu virðist ljóst að niðurstaða Aganefndar LH í máli 2/2015 er í andstöðu við ákvæði 2.8.7. og 2.8.9. í lögum LH um kærufresti. Jafnframt er niðurstaðan í óútskýrðu ósamræmi við fyrri niðurstöður aganefndar, sbr. úrskurði hennar í málum nr. 3/2005, 4/2011 og 1/2013. Hlýtur að mega gera þá kröfу til nefndarinnar að hún gæti samræmis í úrlausnum sínum en það er forsenda þess að nefndin njóti trausts.

Virðingarfyllst,

Guðjón Ármannsson

Til: Stjórnar Landssambands hestamannafélaga

Frá: Aganefnd LH, Þorvaldi Sigurðssyni, Atla Má Ingólfssyni og Sæþóri Fannberg.

Efni: Aganefndarmál nr. 2/2015. Greinargerð Aganefndar.

I.

Að ósk stjórnar LH og í tilefni af lögfræðiáliti Lex lögmannstofu, dags 27. september 2015, vegna máls nr. 2/215, hefur aganefnd LH tekið saman eftirfarandi greinargerð.

Í áliti Lex lögmannstofu dags. 27. september 2015 er rakið að í erindinu komi aðeins til skoðunar hvort úrskurður aganefndar LH frá 7. september sl. geti samrýmst lögum LH og fyrri niðurstöðum aganefndar hvað varðar formreglur um kærur. Er síðan í erindinu tekin upp ákvæði í grein 2.8.7 í lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH 2015-1, sem og ákvæði 2.8.9. Í stuttu máli er niðurstaða álitsins sú að kærufrestur hafi verið liðinn í máli 2/2015 þegar kæra barst aganefnd LH og hefði nefndinni því borið að vísa kærunni frá, bæði a.t.t. ákvæða 2.8.7 og 2.8.9.

Ennfremur er í álitinu vísað til fyrri úrskurða Aganefndar og er það niðurstaða álitsins að aganefnd LH fari ekki eftir fyrri fordænum í máli því sem fjallað er um.

II.

Túlkun á ákvæðum 2.8.7 og 2.8.9 í lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH 2015-1

Grein 2.8.7 hljóðar svo „*Verkefni yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd ábyrgist að mótt fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum, og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok.*“

Grein 2.8.9 er svohljóðandi „*Kærur geta einungis þátttakendur, starfsmenn og dómarar borið fram, en þó ekki síðar en hálfíma eftir mótslok. Kærum skal beina til yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd úrskurðar um meðferð kæra strax og þær koma fram. Taki hún kærur til greina, skal kalla hlutaðeigandi aðila fyrir og heyra málsbætur. Yfirdómnefnd kveður strax upp úrskurð sinn í samræmi við 2.6.4.3 og 2.7.9.3 (rangar greinatilvísanir í lögum LH á væntanlega að vera 2.7.4.3 og 2.7.4.4. grein agalaga LH). Kærur þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálfíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt. Kærur vegna tímoplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Tryggingin er endurgreidd ef viðurkennt er að fullgildar ástæður séu fyrir kærunum*“

Aganefnd LH hefur túlkað umrædd ákvæði þannig að um tvo aðskilda kærumöguleika sé að ræða. Í fyrsta lagi þá geta keppendur, starfsmenn og dómarar borið upp kæru skv. 2.8.9 vegna atvika sem upp koma á mótinu sem ætlað er að hafa áhrif á framgang mótsins, einstakar ákvarðanir og atvik svo hægt sé að bregðast strax við þeim á mótinu. Að fengnum úrskurði yfirdómnefndar er þá hægt að leiðréttu framkvæmdina ef fallist er á kæru eða taka ákvörðun sem hefur bein áhrif þá þegar. Ljóst er að skammur kærufrestur er til þess að hægt sé að bregðast strax við og úrskurða.

2. Í öðru lagi hefur aganefnd túlkað ákvæði 2.8.7 á þá leið að hægt sé að senda inn kærur til aganefndar vegna atvika sem upp koma á tilteknu móti innan 48 klukkustunda. Kærarendur geta verið keppendur, dómarar og starfsmenn mótsins. Ef kært er vegna atviks sem réttilega hefði átt að fjalla um skv. grein 2.8.9., en var ekki kært innan hálfíma frestsins, vísar aganefnd málínun frá. Sé málið hins vegar af öðrum toga en heyri samt undir lög og reglur LH hefur aganefnda ávallt unnið eftir því að ekki sé girt fyrir að hægt sé að kæra hugsanleg brot á reglum innan 48 klukkustunda að því gefnu að regla 2.8.9 eigi ekki við.

Undir reglu 2.8.9 og orðalagið „Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar („aganefndar“, innsk aganefnd) eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok“ geta heyrta þau tilvik þegar kæra barst til yfirdómnefndar og hún hefur úrskurðað í málínu en viðkomandi keppandi er ekki sáttur við þá niðurstöðu. Þá getur hann kært niðurstöðu yfirdómnefndar til aganefndar LH sem fjallar um kæruna hafi hún borist innan 48 klukkustunda frá mótslokum. Kæruna getur kærandi hvort heldur sem er sent á yfirdómnefnd mótsins sem skilar henni áfram í skýrslu sinni til aganefndar eða sent beint á skrifstofu LH innan 48 klukkustunda frá mótslokum.

Ef sú túlkun á ákvæðum 2.8.9 væri rétt að ekki væri hægt að senda inn kærur til aganefndar LH ef ekki hefði fyrst verið fjallað um þær í yfirdómnefnd væri í raun verið að taka kærurétt til aganefndar af í mjög mörgum málum.

Í máli nr. 1/2012 þar sem fjallað var um kæru TþG og HE vegna atviks sem átti sér stað í úrtökumóti fyrir landsmót var sýning TþG dæmd ógild. Mótið átti sér stað dagana 1.-3. Júní 2012. Eftir að sýning TþG hafði verið úrskurðuð ógild af dómurum sendu kærarendur inn kæru til aganefndar LH þann 4 júní, innan 48 klst frá því að móti lauk. Ef túlkun Lex væri rétt hefði þessi kæra ekki getað komið fram. Aganefnd LH hefur í nokkrum málum stuðst við þá túlkun sem notast var við í máli SÆ.

Aganefnd vísar enn fremur til máls nr. 1/2011. Þar voru atvik með þeim hætti að á gæðingamóti Sörla sem haldið var dagana 2-4 júní 2011 tilkynnti yfirdómnefnd keppandanum „B“ að árangur hennar hefði verið felldur úr gildi. Móti þessu lauk þann 4. júní. Kæra á ákvörðun yfirdómnefndar barst aganefnd þann 5 júní, þ.e. eftir að hálfíma frestur greinar 2.8.9 var liðinn en innan 48 klst frá því að móti lauk. Aganefnd vísar til þessa máls þar sem málsmeðferð þess er í fullu samræmi við meðferð máls SÆ. Það er ljóst af hálfu aganefndar að það er alveg nauðsynlegt að hægt sé að kæra ákvardanir innan 48 klukkustunda eftir að móti líkur ef þær eru þess eðlis að kærufrestur 2.8.9 á ekki við um þær.

Ennfremur vísar aganefnd til máls nr. 3/2009, mál þþ, en það mál var þess eðlis að 48 klst kærufresturinn var virtur og málið þess eðlis að það hefði ekki átt undir grein 2.8.9.

Aganefnd vill enn fremur ítreka að í máli nr. 2/2015 er enginn vafi á því að kæra barst aganefnd innan 48 klst frá því að móti lauk. Fékk aganefnd á sínum tíma afrit af innsendum tölvupósti frá kærendum og tímasetningu og móttöku hans á skrifstofu LH.

III.

Fyrri niðurstöður Aganefndar LH.

Að gefnu tilefni vill aganefnd fjalla aðeins um þá fyrri úrskurði sem vitnað er til í áliti Lex.

Í erindi Lex er fyrst vitnað til máls **nr. 3/2005**, þar sem málsatvik voru þau að knapi mætti ekki til keppni á móti. Í skýrslu yfirdómnefndar sem barst aganefnd kom fram að aðili mætti ekki í keppni né boðaði forföll. Í áliti Lex er vitnað til þess að niðurstaða aganefndar hafi verið sú í þessu máli að vísa málínun frá þar sem yfirdómnefnd hafi ekki úrskurðað í málínu með rauðu eða gulu spjaldi. Telur Lex að af þessu

megi ráða að aganefnd taki ekki fyrir kærur nema yfirdómnefnd hafi áður úrskurðað í máli og sé þessari reglu ekki fylgt í máli Sigðurðar Ævarssonar.

Aganefnd vill benda á að í máli nr. 3/2005 byggðist niðurstaðan á reglu 2.7.9.3 um yfirdómnefnd þar sem skýrt er kveðið á um hlutverk yfirdómnefnda á móturnum. Í c og d- lið kemur fram að yfirdómnefnd úrskurðar með því m.a. að veita spöld þegar það á við. Þar sem ekki var spjaldað fyrir umrætt brot í máli nr. 3/2005 og hreinlega um mistök yfirdómnefnar að ræða gat Aganefnd ekki komist að niðurstöðu og úrskurðað um refsingu eða keppnisbann í málinu þar sem engin ákvörðun eða úrskurður frá yfirdómnefnd lá fyrir. Yfirdómnenfnd hafði þarna ekki fylgt reglum og spjaldað viðkomandi keppanda og því skorti forsendur fyrir Aganefnd til að úrskurða í keppnisbann.

Ennfremur er í erindi Lex vísað til máls **nr. 4/2011**. Í umræddum úrskurði aganefndar segir m.a. eftirfarandi:

“ Í 2. kafla laga og reglna LH, n.t.t. gr. 2.8.7 “Verkefni yfirdómnefndar” kemur fram að yfirdómnefnd skuli senda inn kærur til aganefndar LH eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok. Í máli þessu er óumdeilt að Íslandsmóti fullorðinna lauk laugardaginn 16. júlí 2011, en kæra máls þessa barst með tölvupósti til formanns aganefndar LH ekki fyrr en 19. júlí 2011, kl: 16:44. Samkvæmt framangreindu barst kæra vegna starfa umrædds dómara aganefnd eftir að kærufresti lauk. Verður máli þessu því vísað frá nefndinni án efnislegrar niðurstöðu. „ Í lögfræðialiti Lex er ofangreind niðurstaða túlkuð þannig að niðurstaðan staðfesti að 48 tíma fresturinn í gr. 2.8.7 eigi við þann tíma sem yfirdómnefnd hefur til að senda inn kærur til Aganefndar. Er það niðurstaða álitsins að umrædd grein eigi ekki við um þátttakendur, starfsmenn eða dómara. Sé því niðurstaðan í máli Sigurðar Ævarssonar ekki í samræmi við úrskurð aganefndar í máli nr. 4/2011.

Aganefnd hafnar því að um misræmi sé að ræða í þessu tilviki. Aganefnd telur úrskurðinn í ofangreindu máli sýna ágætlega fram á 48 klst. regluna sem fram kemur í reglu 2.8.7. Kæra barst eftir að hann var liðinn og því fæst ekki efnisleg niðurstaða í málið. Aganefnd hefur ávallt unnið eftir þeirri túlkun á reglu 2.8.9, þar sem fjallað er um kærur sem þátttakendur, starfsmenn og dómarar geta borið fram vegna móta, að hún fjalli um atvik og framkvæmd við mótið sjálft sem lúta að því að hafa áhrif á framvindu mótsins og einstaka keppnisgreinar eða keppendur. Hálfíma fresturinn, sem er stuttur frestur, er þannig til þess að yfirdómnefnd geti gefist tími til að afgreiða kæruna á mótinu og þannig haft áhrif á framgang mótsins með tilliti til úrskurðarins. Þannig sé hægt að bregðast við kærunni, taka hana til greina eða ekki innan mótsins. Tryggingafé er þannig til þess að leitast við að koma í veg fyrir að tilhæfðlausar kærur séu settar fram án rökstuðnings og að alvara sé á bak við kæruna. Aganefnd hefur ávallt túlkað ákvæði 2.8.9 þannig að hún girði ekki fyrir að kærur geti borist aganefnd innan 48 klukkustunda frá því að móti lauk ef þær eru ekki þess eðlis að þær hefði átt að bera upp innan hálfíma frests skv. grein 2.8.7. Ef svo er vísar aganefnd kærunum frá.

Ennfremur er í erindi Lex vitnað til úrskurðar aganefndar í máli nr. **1/2013**

Í áliti Lex er réttilega greint frá því að kæra hafi borist til aganefnar þess efnist að tiltekinn hestur á mótinu hefði ekki verið í eigu félagsmanns í tilteknu hestamannafélagi og ætti því ekki keppnisrétt. Málinu var vísað frá aganefnd með vísan til þess að kæru þurfti að leggja fram skriflega til framkvæmdanefndar í síðast lagi hálfíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnvirði í erlendri mynt. Ennfremur sagði í úrskurði aganefndar að ef kæra hefði

borist innan þessa tímaramma hefði mótsstjórn átt að úrskurða um hana þá þegar. (Er þetta í samræmi við úrskurð í máli nr. 3/2005, innsk. aganefndar)

Aganefnd vill taka fram hvað ofangreint mál varðar þá barst kæra til yfirdómnefndar of seint skv. reglu 2.7.3. (sambærilegur frestur og í 2.8.9 hefði farið betur að vitna í þá grein, innsk. aganefndar). Kæran laut að keppnisrétti tiltekins hests og á umræddu móti hafði yfirdómnefnd vísaði málínu réttilega frá þar sem kæran barst eftir að hálftíma fresturinn var liðinn. Efni kærunnar er þess eðlis að það heyrir undir reglu 2.8.9. Eftir því sem best verður séð barst síðan kæra til Aganefndar á frávísun yfirdómnefndar á kærunni frá nafngreindum keppendum löngu eftir að móti lauk og vel eftir 48 klukkustunda fresturinn var liðinn. Því var í raun verið að óska eftir áliti aganefndar á frávísun yfirdómnefndar. Aganefnd fær ekki séð hvernig þetta mál er sambærilegt máli nr. 2/2015, þar sem kæra til Aganefndar barst löngu eftir að 48 klukkustunda fresturinn var liðinn, en kæra í máli SÆ innan 48 klst.

IV.

Að lokum vill aganefnd benda á alvarlegan hlut sem ekki var ástæða til að fjalla um í máli nr. 2/2015 þar sem það laut ekki beint að úrskurðarefnini málsins.

Fyrir liggur að á umræddu móti var SÆ skráður mótsstjóri þess, eins og fram kemur í mótaskýrslu. Í mótaskýrslu kemur enn fremur fram að mótið stóð yfir dagana 28. –29. ágúst 2015. Í mótaskýrslu segir enn fremur „Sigurður Ævarsson fundaði með framkvæmdanefnd mánud. 31. ágúst 2015 og tilnefndi Bjarna Stefánsson sem mótsstjóra vegna hagsmunatengsla“. Eins og ljóst má vera er mótinu þá löngu lokið. SÆ starfaði á mótinu sem mótsstjóri og sá gjörningur að víkja af mótaskýrslu þegar mótinu er lokið fullkomlega marklaus og í raun fölsun á mótskýrslu. Á mótinu starfaði hann sem mótsstjóri og það er að áliti aganefndar LH að sá görningur að skrifa ekki undir mótaskýrslu breyti engu um það. Hugsanlega hefði mátt taka fram að vegna hagsmunatengsla hefði SÆ ekki tekið þátt í afgreiðslu kærunnar og vikið af fundi á meðan efni hennar var rætt, en hann hefði engu að síður átt að rita undir mótaskýrslu enda skráður mótsstjóri og starfaði sem slíkur á mótinu.

Reykjavík 27. nóvember 2015

Aganefnd LH